

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 6. mars 2008

Óskað hefur verið eftir umsögn Raunvísindastofnunar Háskólans um tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð, 315. mál

Lýst er yfir stuðningi við tillöguna um leið og bent er á nauðsyn úttektar á tæknilegri þróun jarðstrengja á heimsmarkaði ásamt rekstrarkostnaði. Brýnt er að mörkuð sé stefna varðandi framtíðarfyrirkomulag háspennulína (420 kV) en sjónræn áhrif slíkra raflína lýta ímynd landsins. Nægir þar að nefna Sultartangalínu norðan Hvítár við Gullfoss, þar sem háspennumöstur blasa við þegar gengið er niður að fossinum, línuna yfir Ölkelduháls og Fljótsdalslínur niður á Reyðarfjörð.

Hvað varðar jarðrask er vandséð að mikill munur sé á hvort lína fer í jörð, með samfelldum skurði, eða hvort reist eru möstur þar sem báðar þessar framkvæmdir krefjast veglagningar með tilheyrandi efnistöku. Höfuðmáli skiptir að koma í veg fyrir að farið sé inn á ósnortin svæði með slíkar framkvæmdir. Lagning raflína í jörð er því mikilvægt skref til verndar náttúru Íslands

F.h. stjórnar
Raunvísindastofnunar Háskólans


Sigurður Guðnason
Framkvæmdastjóri